

# 286. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR 2019 KL. 9:30

---

## FUNDARGERÐ

---

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
- 2) Viðræður við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti
- 3) Ársáætlun fyrir kirkjuráð
- 4) Fjármál og fasteignir
  - a) Saurbær – Strönd, lóðarleigusamningur
  - b) Stafholt, deiliskipulagsvinna
  - c) Reykhólasókn, tjón
  - d) Stöðvarfjarðarsókn, jöfnunarsjóðsumsókn
  - e) Stóra Laugardalssókn, fjárhagsleg málefni
  - f) Félag heyrnarlausra, beiðni um útgáfustyrk
  - g) Fræðsla og æskulýðsmál, erindi varðandi styrk
  - h) Stórólshvolssókn, viðbrögð við bréfi
  - i) Votlendissjóður, áður á dagskrá síðasta fundar
  - j) Laugavegur 31, gluggaútböð
- 5) Innra starf kirkjunnar
  - a) Fundargerð kirkjustarfshóps 10. desember 2018
- 6) Málefni Skálholts
  - a) Málefni ábúanda
  - b) Ástandsskýrsla skólabyggingar og kirkju
  - c) Lög og reglur um Skólaráð og rektor
- 7) Fimm alda minning siðbótarinnar – lokaskýrsla undirbúningsnefndar
- 8) Nefndir þjóðkirkjunnar
- 9) Mosfell í Grímsnesi, erindi lagt fram
- 10) Önnur mál

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐUSTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Á fundinum voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon, sem tók þátt í fundinum í gegnum fjarfundarbúnað, og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Sigurbjörg Níelsdóttir Hansen, fjármálastjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir dagskrárliðum 1, 2 og 6 sátu fundinn séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir forseti kirkjupings og formaður stjórnar Skálholtsstaðar. Undir dagskrárlið 2 sátu fundinn samninganefndarmennirnir Magnús E. Kristjánsson og Óskar Magnússon, ásamt formönnum fastanefnda kirkjupings þeim Steindóri Haraldssyni og Gísla Jónassyni. Arnór Skúlason, verkefnastjóri fasteignasviðs, sat fundinn undir dagskrárlið 6 b.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

---

## 2. VIÐRÆÐUR VIÐ RÍKISVALDIÐ UM FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI, SAMNINGANEFND KIRKJUNNAR

---

Til fundarins komu samninganefndarmennirnir Magnús E. Kristjánsson og Óskar Magnússon, Jónína Bjartmarz var hins vegar fjarverandi.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs kynnti lykiltölur úr ársreikningum sókna, ásamt árlegum og uppsöfnuðum viðhaldsskorti fasteigna í eigu sókna kirkjunnar. Einnig var lagt fram minnisblað biskups Íslands og kirkjuráðs dagsett 15. janúar 2018, sem þá var sent dómsmálaráðherra.

---

## 3. ÁRSÁÆTLUN FYRIR KIRKJURÁÐ

---

Tekin var fyrir ársáætlun kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti að unnið verði eftir henni.

---

## 4. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

---

a) *Saurbær – Strönd, lóðarleigusamningur.*

Lögð fram drög að lóðarleigusamningi. Einnig lagt fram bréf umboðsmanns ábúanda vegna málsins og minnisblað framkvæmdastjóra.

Kirkjuráð samþykkti að starfsemin á jörðinni skuli ávallt vera í samræmi við stefnur kirkjunnar, svo sem fasteignastefnu og umhverfisstefnu og fól framkvæmdastjóra að koma ákvæði þess efnis inn í samninginn.

Kirkjuráð samþykkti samninginn, að teknu tilliti til athugasemda ábúanda sem bárust, og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leggja hann fyrir ábúanda til samþykktar.

*b) Stafholt, deiliskipulagsvinna.*

Lagt fram erindi formanns sóknarnefndar vegna deiliskipulagsvinnu ásamt öðrum gögnum málsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leita eftir kostnaðaráætlun vegna lúkningar málsins og að leggja það fyrir kirkjuráð á næsta fundi.

*c) Reykhólasókn, tjón.*

Lagt fram erindi formanns sóknarnefndar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til fjármálahóps kirkjuráðs.

*d) Stöðvarfjarðarsókn, umsókn í jöfnunarsjóð sókna.*

Lagt fram erindi formanns sóknarnefndar og sóknarprests.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til fjármálahóps kirkjuráðs.

*e) Stóra-Laugardalssókn, fjárhagsleg málefni.*

Lagt fram erindi formanns sóknarnefndar.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til fjármálahóps kirkjuráðs.

*f) Félag heyrnarlausra, beiðni um útgáfustyrk.*

Erindið lagt fram.

Biskup mun afgreiða erindið í samráði við prest heyrnarlausra.

*g) Fræðsla og æskulýðsmál, erindi varðandi styrk frá Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi.*

Erindið lagt fram. Fram kom að forseti ráðsins hyggst leggja það fyrir komandi prófastafund.

Kirkjuráð lítur svo á að umsókn verði að berast þegar sótt er um fjárstyrk.

*h) Stórólshvolssókn, viðbrögð við bréfi.*

Lagt fram tölvubréf frá formanni sóknarnefndar þar sem hann staðfestir móttöku tilkynningar um styrkveitingu Jöfnunarsjóðs sókna til sóknarinnar.

Kirkjuráð samþykkti að áréttu, fyrir formanni sóknarnefndar, fyrri samþykkt kirkjuráðs varðandi skilyrði styrkveitingarinnar frá 12. desember sl.

Kirkjuráð álitur að þær hugmyndir sem unnið er eftir séu ekki raunhæfar.

*i) Votlendissjóður, áður á dagskrá síðasta fundar.*

Kirkjuráð hefur þegar samþykkt að fela umhverfisnefnd kirkjunnar að veita kirkjuráði umsögn um málið og skila henni fyrir næsta fund kirkjuráðs.

*j) Laugavegur 31, gluggaútboð.*

Gögn málsins lögð fyrir.

Kirkjuráð samþykkti að fresta málinu til næsta kirkjuráðsfundar.

---

## 5. INNRA STARF KIRKJUNNAR

---

Fundargerð kirkjustarfshóps frá 10. desember 2018, lögð fram.

---

## 6. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

---

a) *Málefni ábúanda á Skálholtsjörðinni.*

Málið hefur áður verið á dagskrá kirkjuráðs, þar sem framkvæmdastjóra var veitt heimild til tiltekinna ráðstafana. Málið er nú aftur tekið á dagskrá að beiðni vígslubiskups Skálholtsumdæmis.

Framkvæmdastjóri og vígslubiskup kynntu málið.

Rætt var um framtíð búskapar í Skálholti. Kirkjuráð stefnir að því að núverandi búskap í Skálholti verði hætt í vor.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við stjórn Skálholts að hún geri tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu málsins.

b) *Ástandsskýrsla skólabyggingar og kirkju.*

Vígslubiskup og verkefnastjóri fasteignasviðs fluttu skýrslur um ástand skólabyggingarinnar og dómkirkjunnar í Skálholti.

c) *Lög og reglur um Skálholtsskóla og rektor.*

Biskup vakti máls á bókun kirkjuráðs frá fundi kirkjuráðs sem fram fór í Skálholti 22. febrúar 2012 varðandi rekstrarfyrirkomulag í Skálholti, hlutverk vígslubiskups og hlutverk kirkjuráðs. Málið fjallar m.a. um samstarf skólastjórnar og rektors Skálholtsskóla, en nú er enginn rektor starfandi í Skálholtsskóla.

Kirkjuráð samþykkti að vísa málinu til lagahóps kirkjuráðs, sem skal skila kirkjuráði tillögum sínum um fyrirkomulag þessa fyrir næsta fund kirkjuráðs. Framkvæmdastjóri mun annast um gerð minnisblaðs um málið fyrir lagahópinn.

---

## 7. FIMM ALDA MINNING SIÐBÓTARINNAR

---

Lokaskýrsla undirbúningsnefndar lögð fram.

Kirkjuráð lýsti yfir ánægju sinni með framkvæmd verkefnisins og þakkar nefndinni störf sín.

---

## 8. NEFNDIR ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Lögð fram skrá um nefndir sem kirkjuþing kýs eða tilnefnir fulltrúa í.

Kirkjuráð staðfesti tilnefningar og kjör kirkjuþings til nefndanna, óskar nefndarmönnum alls hins besta við störf sín og felur framkvæmdastjóra að hlutast til um að skipunarbréf verði gefin út og send nefndarmönnum, ásamt reglum kirkjuráðs um nefndarstörf frá 2014.

---

## 9. MOSFELL Í GRÍMSNESI

---

Erindi ásamt greinargerð dagsett 4. janúar 2019, lagt fram.

- Kirkjuráð samþykkti að fela bæði fjármálahópi og kirkjustarfshópi kirkjuráðs að skoða málið nánar og gera tillögu til kirkjuráðs um afgreiðslu málsins. Framkvæmdastjóri mun afla hópunum nauðsynlegra gagna um málið.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

*a. Reykholt, tilflutningur á ábyrgð.*

- Kirkjuráð samþykkti að ítreka við lögfræðing kirkjuráðs og kirkjuþings að ljúka málinu, sbr. fyrri ákvörðun kirkjuráðs.

*b. Laugaland í Eyjafirði, ábúð.*

- Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að gera tillögu að afgreiðslu málsins á næsta fundi.

*c. Viðræðunefnd kirkjunnar um fjárhagsleg samskipti við ríkisvaldið.*

- Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við kirkjuþing að núverandi forseti þingsins, Drífa Hjartardóttir, bætist við samninganefnd kirkjunnar.

*d. Málefni starfsfólks kirkjuþings og kirkjuráðs.*

Biskup Íslands og framkvæmdastjóri kynntu stöðu mála.

Fundargerð yfirfarin, fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:10.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu miðvikudaginn 13. febrúar nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands

---

Þorvaldur Víðisson,  
biskupsritari

---

Séra Arna Grétarsdóttir

---

Séra Axel Árnason Njarðvík

---

Stefán Magnússon

---

Svana Helen Björnsdóttir